



Dagsetning

Tilvísun

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

4. mars 2003

Fangelsismálastofnun vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 18. febrúar sl., þar sem stofnuninni var sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 567. mál, kynferðisbrot gegn börnum og mansal.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt, þ.e. að hækka refsimörk vegna kynferðisbrota sem beinast að börnum og að lögfesta nýtt ákvæði sem leggi refsingar við svonefndu mansali.

Vegna þeirrar tillögu að hækka refsimörk vegna kynferðisbrota sem beinast að börnum vill Fangelsismálastofnun vekja athygli á að þar sem gripið hefur verið til þyngingar refsingar í þeim tilgangi að fækka afbrotum sýna rannsóknir að refsipynging hefur lítil eða engin áhrif á brotafjölda í viðkomandi málaflokki. Þá getur lengri fangelsisvist aukið hættu á að viðkomandi einstaklingur eigi erfitt með eða verði ófær um að sjá fyrir sér að fangelsisvist lokinni. Margir þessara manna eiga fjölskyldur sem eiga oft við ýmis félagsleg vandamál að stríða meðan þeir afplána refsingu sína. Þegar refsingar eru þyngdar leiðir það til að föngum fjölgar og hefur það aukin útgjöld í för með sér.

Fangelsismálastofnun hefur engar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um mansal.